

**BÓKUN 21****UM FRAMKVÆMD SAMKEPPNISREGLNA SEM GILDA UM  
FYRIRTÆKI***1. gr.*

Með samningi milli EFTA-rikkanna skal eftirlitsstofnun EFTA falið sambærilegt valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB, við undirritun samningsins, við beitingu á samkeppnisreglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, sem gerir eftirlitsstofnun EFTA kleift að framkvæma þær meginreglur sem settar eru í e-lið 2. mgr. 1. gr. og 53. – 60. gr. samningsins og í bókun 25.

Bandalagið skal, eftir því sem nauðsyn ber til, samþykka ákvæði til framkvæmdar meginreglunum sem settar eru í e-lið 2. mgr. 1. gr. og 53. – 60. gr. samningsins, og í bókun 25, til þess að tryggja að framkvæmdastjórn EB hafi sambærilegt valdsvið og gegni svipuðum störfum samkvæmt samningnum og hún gerir, við undirritun samningsins, við beitingu samkeppnisreglna stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu.

*2. gr.*

Ef samþykktar eru nýjar gerðir til framkvæmdar á e-lið 2. mgr. 1. gr. og 53. – 60. gr. og bókunar 25, eða á breytingum við þær gerðir sem taldar eru upp í 3. gr. þessarar bókunar, í kjölfar þeirra reglna sem gerð er grein fyrir í VII. hluta samningsins, skal gera samsvarandi breytingar á stofnsamningi eftirlitsstofnunar EFTA til þess að tryggja að henni verði samtímis falið sambærilegt valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB hefur.

*3. gr.*

1. Til viðbótar þeim gerðum sem taldar eru upp í XIV. viðauka sýna eftirfarandi gerðir valdsvið og störf framkvæmdastjórnar EB við beitingu samkeppnisreglna stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu:

*Eftirlit með samfylkingum*

1. {1} **32004R0139** - Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. og 6.–26. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).
2. {2} **32004R0802** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 frá 7. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtið. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 172, 6.5.2004, bls. 9, eins og henni var breytt með:
- **32006R1792** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1792/2006 frá 23. október 2006 (Stjtið. ESB L 362, 20.12.2006, bls. 1).
  - **32008R1033** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2008 frá 20. október 2008 (Stjtið. ESB L 279, 22.10.2008, bls. 3).

---

{1} Texta 1. liðar (reglugerð ráðsins (EB) nr. 4064/89) var skipt út með ákvörðun nr. 78/2004 (Stjtið. ESB L 219, 19.6.2004, bls. 13 og EES-viðbætur nr. 32, 19.6.2004, bls. 1), gildistaka 9.6.2004. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 79/2004 (Stjtið. ESB L 219, 19.6.2004, bls. 24 og EES-viðbætur nr. 32, 19.6.2004, bls. 10), gildistaka 1.7.2005.

{2} Þessi liður, sem var innleiddur með ákvörðun nr. 77/98 (Stjtið. EB L 172, 8.7.1999, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 30, 8.7.1999, bls. 153), gildistaka 1.9.1998, kemur í stað fyrri 2. liðar. Sjá einnig ákvörðun nr. 13/97 (Stjtið. EB L 182, 10.7.1997, bls. 44 og EES-viðbætur nr. 29, 10.7.1997, bls. 59), gildistaka 1.4.1997. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 117/2009 (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 68, 17.12.2009, bls. 20) gildistaka 23.10.2009.



-{3} **32013R1269** - Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1269/2013 frá 5. desember 2013 (Stjtið. ESB L 336, 14.12.2013, bls. 1).

-{4} **32013R0519** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2013 frá 21. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 74).

*Almennar reglur um starfshætti*

3.{5} **32003R0001** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1), eins og henni var breytt með:

-{6} **32004R0411** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 411/2004 frá 26. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 1).

-{7} **32006R1419** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 frá 25. september 2006 (Stjtið. ESB L 269, 28.9.2006, bls. 1).

4.{8} **32004R0773** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18), eins og henni var breytt með:

-{9} **32006R1792** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1792/2006 frá 23. október 2006 (Stjtið. ESB L 362, 20.12.2006, bls. 1).

-{10} **32008R0622** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2008 frá 30. júní 2008 (Stjtið. ESB L 171, 1.7.2008, bls. 3).

-{11} **32013R0519** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2013 frá 21. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 74),

-{12} **32015R1348** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1348 frá 3. ágúst 2015 (Stjtið. ESB L 208, 5.8.2015, bls. 3).

5. [ ] {13}

*Flutningastarfsemi*

6. [ ] {14}

7. [ ] {15}

{3} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 146/2014 (Stjtið. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 55 og EES-viðbætur nr. 71, 27.11.2014, bls. 53), gildistaka 28.6.2014.

{4} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 159/2014 (Stjtið. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 87 og EES-viðbætur nr. 5, 22.1.2015, bls. 10), gildistöku er beðið. Hún kemur til framkvæmda frá 9.7.2014.

{5} Textanum var skipt út með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

{6} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 40/2005 (Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 22), gildistaka 19.5.2005.

{7} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 153/2006 (Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 25 og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 20), gildistaka 1.8.2007.

{8} Texta 4. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94) var skipt út með ákvörðun nr. 178/2004 (Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 35 og EES-viðbætur nr. 26, 26.5.2005, bls. 25), gildistaka 1.7.2005.

{9} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 132/2007 (Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 1), gildistaka 9.11.2011.

{10} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 118/2009 (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 22 og EES-viðbætur nr. 68, 17.12.2009, bls. 22), gildistaka 23.10.2009.

{11} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 159/2014 (Stjtið. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 87 og EES-viðbætur nr. 5, 22.1.2015, bls. 10), gildistöku er beðið. Hún kemur til framkvæmda frá 9.7.2014.

{12} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 32/2018 (Stjtið. ESB L 323, 12.12.2019, bls. 63 og EES-viðbætur nr. 98, 12.12.2019, bls. 54), gildistaka 10.2.2018.

{13} Texti 5. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98) var felldur brott með ákvörðun nr. 178/2004 (Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 35 og EES-viðbætur nr. 26, 26.5.2005, bls. 25), gildistaka 1.7.2005.

{14} Texti 6. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 141/62) var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

{15} Texti 7. liðar (6. gr. og 10.-31. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68) var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.



8. [ ] {<sup>16</sup>}
9. [ ] {<sup>17</sup>}
10. **374R2988** - Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74 frá 26. nóvember 1974 um fyrmingarfrest við meðferð mála og hvernig beita skuli refsiaðgerðum samkvæmt reglum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga og samkeppni (Stjtið. EB nr. L 319, 29.11.1974, bls. 1), eins og henni var breytt með:
- <sup>{18}</sup> **32003R0001** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 (Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).
11. [ ] {<sup>19</sup>}
12. [ ] {<sup>20</sup>}
13. **387R3975** - Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti (Stjtið. EB nr. L 374, 31.12.1987, bls. 1), eins og henni var breytt með:
- **391R1284** - Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1284/91 frá 14. maí 1991 (Stjtið. EB nr. L 122, 17.5.1991, bls. 2),
  - <sup>{21}</sup> **392R2410** - Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992 (Stjtið. EB nr. L 240, 24.8.1992, bls. 18),
  - <sup>{22}</sup> **32003R0001** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 (Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1),
  - <sup>{23}</sup> **32004R0411** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 411/2004 frá 26. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 1).
14. {<sup>24</sup>}
15. [ ] {<sup>25</sup>}
16. [ ] {<sup>26</sup>}

<sup>{16}</sup> Texti 8. liðar var felldur brott með ákvörðun nr. 60/1999 (Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 50, 9.11.2000, bls. 118), gildistaka 1.5.1999.

<sup>{17}</sup> Texti 9. liðar var felldur brott með ákvörðun nr. 60/1999 (Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 50, 9.11.2000, bls. 118), gildistaka 1.5.1999.

<sup>{18}</sup> Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

<sup>{19}</sup> Texti 11. liðar (II. þáttur reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86) var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

<sup>{20}</sup> Texti 12. liðar var felldur brott með ákvörðun nr. 60/1999 (Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 50, 9.11.2000, bls. 118), gildistaka 1.5.1999.

<sup>{21}</sup> Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 3/94 (Stjtið. ESB L 85, 30.3.1994, bls. 65 og EES-viðbætur nr. 1, 30.3.1994, bls. 5), gildistaka 1.7.1994.

<sup>{22}</sup> Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

<sup>{23}</sup> Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 40/2005 (Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 22), gildistaka 19.5.2005.

<sup>{24}</sup> Textinn var felldur brott með ákvörðun nr. 60/1999 (Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 50, 9.11.2000, bls. 118), gildistaka 1.5.1999.

<sup>{25}</sup> Texti 15. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98) var felldur brott með ákvörðun nr. 178/2004 (Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 35 og EES-viðbætur nr. 26, 26.5.2005, bls. 25), gildistaka 1.7.2005.

<sup>{26}</sup> Texti 16. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98) var felldur brott með ákvörðun nr. 178/2004 (Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 35 og EES-viðbætur nr. 26, 26.5.2005, bls. 25), gildistaka 1.7.2005.

2. Til viðbótar þeim gerðum sem taldar eru upp í XIV. viðauka sýna eftirfarandi gerðir valdsvið og störf framkvæmdastjórnar EB við beitingu samkeppnisreglna stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu (KSE):
1. Þriðja til fimmta undirgrein 2. mgr., 3. mgr., önnur undirgrein 4. mgr. og 5. mgr. 65. gr. (KSE).
  2. Önnur til fjórða undirgrein 2. mgr. og 4. – 6. mgr. 66. gr. (KSE).
  3. **354D7026** - Ákvörðun hins háa yfirvalds nr. 26/54 frá 6. maí 1954 varðandi reglugerð um beitingu 4. mgr. 66. gr. sáttmálans um upplýsingaskyldu (Stjtið. KSE nr. 9, 11.5.1954, bls. 350/54).
  4. **378S0715** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 715/78/KSE frá 6. apríl 1978 um fyrningarfræst við meðferð mála og beitingu viðurlaga samkvæmt stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu (Stjtið. EB nr. L 94, 8.4.1978, bls. 22).
  5. **384S0379** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 379/84/KSE frá 15. febrúar 1984 um skilgreiningu á umboði embættismanna og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar sem fyrirmæli hafa um að gera þær kannanir sem kveðið er á um í stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu og á ákvörðunum sem samþykktar eru vegna beitingar hans (Stjtið. EB nr. L 46, 16.2.1984, bls. 23).

4. gr. <sup>{27}</sup>

5. gr. <sup>{28}</sup>

6. gr. <sup>{29}</sup>

7. gr. <sup>{30}</sup>

8. gr. <sup>{31}</sup>

Umsóknir sendar til framkvæmdastjórnar EB fyrir gildistöku samningsins teljast falla undir ákvæði hans um umsóknir.

Þar til bær eftirlitsstofnun getur samkvæmt 56. gr. samningsins og 10. gr. bókunar 23 krafist þess að fá afhent rétt útfyllt eyðublað, eins og fyrirskipað er vegna framkvæmdar samningsins, innan þeirra tímamarka sem hún ákvarðar. Í því tilviki teljast umsóknir ekki lögmætar nema eyðublaðin séu afhent innan tilgreindra tímamarka og í samræmi við ákvæði samningsins

9. gr. <sup>{32}</sup>

10. gr.

<sup>{27}</sup> Texti 4. liðar var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

<sup>{28}</sup> Texti 5. gr. var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

<sup>{29}</sup> Texti 6. liðar var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

<sup>{30}</sup> Texti 7. liðar var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

<sup>{31}</sup> Orðin „og tilkynningar“ voru felld brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

<sup>{32}</sup> Texti 9. liðar var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

Samningsaðilum ber að tryggja að ráðstafanir sem veita embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórn EB nauðsynlegan stuðning til þess að vinna að rannsóknum sínum, eins og ráð er fyrir gert samkvæmt samningnum, séu gerðar innan sex mánaða frá gildistöku samningsins.

*11. gr.*

Að því er varðar samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem fyrir hendi eru við gildistöku samningsins og falla undir 1. mgr. 53. gr., gildir bannið í 1. mgr. 53. gr. ekki, þegar samningum, ákvörðunum eða aðgerðum er breytt innan sex mánaða frá gildistöku samningsins til þess að skilyrðum sem felast í heildarundanþágum þeim sem kveðið er á um í XIV. viðauka sé fullnægt.

*12. gr.*

Að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem fyrir hendi eru við gildistöku samningsins og falla undir 1. mgr. 53. gr., gildir bannið í 1. mgr. 53. gr. ekki frá gildistöku samningsins, þegar samningum, ákvörðunum eða aðgerðum er breytt innan sex mánaða frá gildistöku samningsins til þess að heyra ekki lengur undir bannið í 1. mgr. 53. gr.

*13. gr.*

Samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem njóta sérstakrar undanþágu á grundvelli 3. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu fyrir gildistöku samningsins, skulu áfram undanþeginn ákvæðum samningsins, þar til samningarnir, ákvarðanirnar og aðgerðirnar falla úr gildi eins og kveðið er á um í ákvörðunum þar sem undanþágurnar eru veittar eða þar til framkvæmdastjórn EB ákveður annað, hvort heldur sem verður fyrir.

*Endurskoðunarákvæði <sup>{33}</sup>*

Samningsaðilar skulu endurskoða ákvæði um fullnustu 53. og 54. gr. samningsins, auk ákvæða um samvinnu í bókun 23 við samninginn, fyrir lok ársins 2005 og hvenær sem samningsaðili leggur fram beiðni þess efnis, í því skyni að tryggja að þeim sé beitt á einsleitan og árangursríkan hátt. Einkum skal taka til endurskoðunar ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 með hliðsjón af reynslu samningsaðila af nýjum aðferðum við framkvæmd samkeppnisreglna og rannsaka um leið hvort unnt sé að taka upp á Evrópska efnahagssvæðinu sams konar kerfi og komið var á í Evrópusambandinu með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 að því er varðar beitingu 81. og 82. gr. EB-sáttmálans af hálfu samkeppnisyfirvalda í hverju landi, samvinnu slíkra yfirvalda sín í milli og ákvæði sem tryggja að yfirvöld í hverju landi beiti samkeppnisreglunum á sama hátt.

---

<sup>{33}</sup> Endurskoðunarákvæðinu var bætt við með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3. 2005, bls. 57, og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.